

# Málvísindi (ÍSLE2MV05)

**Kennari:** Eiríkur Gauti Kristjánsson

**Málvísindi** eru kennd þrjár stundir á viku í 5. bekk formáladeildar. Námskeiðið skiptist í tvo jafnstóra hluta:

## A. Haustmísseri: Almenn málvísindi

Markmiðið er að veita nemendum haldgott yfirlit um grunnþætti málvísinda. Stefnt er að því að nemendur þjálfist í notkun málfræðilegra hugtaka og lestri fræðilegs efnis um málfræði (á íslensku og erlendum málum).

## B. Vormísseri: Söguleg málvísindi

Markmiðið er að kynna helstu rannsóknaraðferðir í sögulegum málvísindum og fjalla um helstu tegundir málbreytinga með sérstakri áherslu á íslensku, ensku og fornmalin.

**Námsgögn:** fjölrít og rafrænt efni frá kennara.

## Kennslufyrirkomulag

Kennsla verður að langmestu leyti í formi óformlegra fyrirlestra og ætlast til mikillar þátttöku nemenda í umræðum um lesefnið. Auk stuttra skyndiprófa verður haldið skriflegt miðannarpróf á hvoru misseri og lögð fyrir heimaverkefni úr námsefninu. Til að ná árangri er brýnt er að nemendur lesi jafnt og þétt og vinni öll verkefni af kostgæfni.

## Námsmat

Námsmat er tvíþætt, gefin er **námseinkunn** og **einkunn fyrir stúdentspróf**. Námseinkunn vegur helming (50%) af lokaekunn á móti einkunn fyrir frammistöðu á skriflegu stúdentsprófi.

Námseinkunn er samsett eins og hér segir:

- heimaverkefni og skyndipróf: 40%
- mæting og ástundun 30%
- haustmísserispróf (jólupróf): 30%

Skriflegt stúdentspróf verður haldið í maí úr **öllu námsefni vetrarins**. Efni haustmísseris og vormísseris hefur þar jafnt vægi.